



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 26. mars 2019

Innkauparáð Reykjavíkurborgar

Verslunarkerfi fyrir starfsstaði ÍTR.

Óskað er eftir heimild innkauparáðs til að viðhafa framhaldskaup við Öryggismiðstöð Íslands hf. vegna kaupa á búnaði sem nauðsynleg viðbótarkaup vegna innleiðingar á nýju verslunarkerfi á starfsstöðum ÍTR. Beiðnin grundvallast á heimild samkvæmt 25. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og f-lið 90. gr. laga um opiniber innkaup nr. 120/2016.

Þann 11. ágúst 2017 samþykkti innkauparáð erindi ÍTR til að fara í samkeppnisviðræður vegna kaupa á verslunarkerfi fyrir starfsstaði ÍTR.

Tilboð í framangreint verkefni voru opnuð af innkaupadeild Reykjavíkurborgar mánudaginn 17. desember 2018 kl. 13:00. Innkauparáð heimilaði að gengið yrði að eina tilboðinu sem barst, tilboði Öryggismiðstöðvarinnar hf.

Óskað er eftir heimild til kaupa á auðkennalesurum á starfsstaði sem hluta af áður nefndu verslunarkerfi. Auðkennalesarinn tengir verslunarkerfið við aðgangshlið. Áætluð fjárhæð kaupa er 8.200.000 kr. samtals fyrir alla starfsstaði ÍTR eða 2,5% af tilboði Öryggismiðstöðvarinnar ehf.

Virðingarfyllst,

Jónanna Garðarsdóttir
Verkefnastjóri